

**Ed. 286. Frumvarp til laga [140. mál]**

um breyting á lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason.

**1. gr.**

Aftan við 1. mgr. 19. gr. laganna bætist nýr málslíður er verði 2. málslíður og orðist svo:

Til tekna í þessu sambandi teljast ekki vextir, verðbætur eða gengishagnaður af sparifé, sem frádráttarbær er frá tekjum við ákvörðun tekjuskattsstofns.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er flutt til að taka af tvímæli um að skattfrjálsar vaxtatekjur (í merkingu 8. gr. skattalaga) af sparifé skerði ekki fjárhæð tekjutryggingar elli- og örorkulífeyrisþega. Með hinum nýju tekjuskattslögum er framtalsskylda tekna af sparifé aukin án þess að um sé að ræða verulega breytingu á eldri ákvæðum um skattfrelsi þeirra. Óljós ákvæði í lögum hafa valdið óvissu um hvort breyting þessi hefði áhrif á tekjutryggingu, en af gildandi lögum verður reyndar helst ráðið að vaxtatekjur geti einmitt skert tekjutryggingu. Hér eru tekin af tvímæli um þetta efni og skýrt tekið fram, að tekjutrygging skerðist ekki af vaxtatekjum.